

**3593. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 15. maí 2025 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Einar Brandsson varamaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2505078 - Launaviðaukar - fjárhagsáætlun 2025

Endurreikningur kjarasamninga í launaáætlun 2025.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 4 við fjárhagsáætlun ársins 2025 samtals að fjárhæð kr. 393.200.733 sem er tilkomin vegna endurreiknings launa vegna kjarasamninga aðildarféлага Kennarasambands Íslands, Bandalags háskólamanna og Félags slökkviliðsmanna. Útgjöldunum er mætt með fjármagni af deild 20830-1691, að fjárhæð kr. 200.000.000, af deild 31860-5755 að fjárhæð kr. 53.000.000, og með lækkun á áætlaði rekstrarniðurstöðu ársins 2025, að fjárhæð kr. 140.200.733.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

2. 2503256 - Fjárhagsáætlun 2025 - viðaukar

Viðauki nr. 5 vegna viðhalda áhalda.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 5 við fjárhagsáætlun ársins 2025 samtals að fjárhæð kr. 34.890.506 en við innlestur fjárhagsáætlunar í fjárhagskerfið kom upp villa á deild 4660 - viðhald áhalda - þvert á rekstrareiningar Aðalsjóðs sem gaf ranga niðurstöðu á nánast öllum deildum. Útgjöldunum er mætt með fjármagni af deild 31860-5755 að fjárhæð kr. 34.890.506.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar viðaukanum til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

3. 2505113 - Garðavöllur - aðgengi viðbragðsaðila

Aðgengismál viðbragðsaðila að Garðavelli vegna óhappa, slysa eða veikinda. Framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis hefur óskað eftir samtali vegna atviks sem upp kom fyrr í þessari viku.

Bæjarráð þakkar Rakel Óskarsdóttur fyrir komuna og samtalið.

Fyrirhugaður er fundur fulltrúa Golfklúbbsins Leynis (GL) og viðbragðsaðila en aðilarnir hafa þegar verið í samskiptum vegna málsins. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að GL skili inn tillögum til bæjarráðs um bætt aðgengi viðbragðsaðila að Garðavelli.

Samþykkt 3:0

4. 2504191 - 270. mál til umsagnar - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - frestur til og með 13. maí 2025

Til umsagnar 270. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga - frestur Akraneskaupstaðar til að skila umsögn hefur verið framlengdur til 16. maí nk.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn Akraneskaupstaðar og felur bæjarstjóra frágang hennar og skilum til nefndasviðs Alþingis.

Samþykkt 3:0

5. 2505106 - 351. mál til umsagnar - frumvarp til laga um veiðigjald - frestur til og með 26. maí

351. mál til umsagnar - frumvarp til laga um veiðigjald (aflaverðmæti í reiknistofni) frestur til og með 26. maí 2025.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að umsögn Akraneskaupstaðar og felur bæjarstjóra frágang hennar og skilum til nefndasviðs Alþingis.

Samþykkt 3:0

6. 2504147 - Tækifærisleyfi vegna pílumóts 3. og 4. júlí 2025

Sýslumaðurinn á Vesturlandi óskar eftir umsögn vegna umsóknar Keilufélags Akraness um tækifærisleyfi vegna pílumóts þann 3. og 4. júlí 2025. Umsókn hafði áður borist en rangur aðili skráður sem umsóknaraðili af leyfisveitanda.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins til umsækjanda með þeim fyrirvara að jákvæðar umsagnir berist frá slökkviliðsstjóra, Heilbrigðiseftirliti og öðrum viðbragðsaðilum (umsagnaraðilum).

Samþykkt 3:0

7. 2504199 - Húsmæðraorlof 2025 - framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda

Erindi Sambands borgfirskra kvenna vegna húsmæðraorlofs 2025.

Bæjarráð telur gildandi löggjöf um húsmæðraorlof nr. 53/1972 í hróplegri mótsögn við nútímasjónarmið um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sbr. lög nr. 150/2020 og mun, sem fyrr, senda áskorun á Alþingismenn um að beita sér fyrir afnámi löggjararinnar.

Bæjarráð synjar erindinu.

Samþykkt 3:0

8. 2303217 - Brú hses - Skógarlundur 42, stofnframlag vegna íbúðakjarna 2023

HMS - Erindi/tilkynning Húsnæðis- og mannvirkjarstofnunar (HMS) um tilnefningu tímabundins eftirlitsmanns vegna skoðunar málefnis leigufélagsins Brúar hses. vegna stofnframlags.

Lagt fram.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samvinnu við HMS.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að fylgja málinu eftir fyrir notendaráði.

Samþykkt 3:0

9. 2301245 - Sólmundarhöfði 2 - Árnahús

Málefni Árnahúss - endurnýjun húss, hlöðu og fleira. Erindi dags. 5. maí 2025.

Bæjarráð vísar erindi til umsagnar stjórnar Höfða.

Samþykkt 3:0

10. 2504070 - Fundir bæjarráðs 2025

Næsti reglulegi fundur bæjarráðs samkvæmt samþykkttri fundaáætlun vegna ársins 2025 er þann 29. maí nk. sem er lögboðinn frídagur.

Næsti reglulegi fundur bæjarráðs verður þann 27. maí nk. kl. 13:00 en ekki þann 29. maí nk. sem er lögboðinn frídagur.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:40.